

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 1994

19. janúar 1994

3

Nr. 2

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 19. janúar 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

21. janúar 1994

Nr. 3

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur, með vísan til II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, vikið sæti við meðferð og ákvörðun um ráðningu í tvær stöður á vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis, sem auglýstar voru lausar til umsóknar í desember sl.

Í hennar stað hefur Jóni Baldvin Hannibalssyni utanríkisráðherra verið falið að fara með téð stjórnsýslumál og taka ákvörðun í þeim.

Forsætisráðuneytið, 21. janúar 1994.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.